

Hafnarfjarðarhöfn, kt. 590169-5529, Óseyrarbraut 4, 220 Hafnarfirði, hér eftir nefndur leigusali og Ístak hf. kt. 430214-1520, Bugðuflijóti 19, 270 Mosfellsbæ, hér eftir nefndur leigutaki, gera með sér svofelldan

LEIGUSAMNING

um lóðina nr 11A við Víkurgötu í Straumsvík (vesturhluti), landnúmer 226414. Leigusali leigir leigutaka lóðina Víkurgötu 11A fyrir verkstæði, lager og starfsmannaaðstöðu. Heildarstærð lóðarinnar sem greitt er leigugjald af er 525,2 m². Meðfylgjandi mæliblað er hluti samnings þessa.

1. gr.

Lóðin er leigð frá 1. maí 2019 til 30. apríl 2029. Framleiga leiguréttarins er óheimil. Gagnkvæmur uppsagnaréttur á lóðinni er 6 mánuðir.

2. gr.

Mánaðarleiga af lóðinni er kr. **46.446** og breytist í samræmi við vísitölu byggingarkostnaðar 1. dag hvers árs, miðað við vísitöluna í desember 2018, 141,61 stig. Leiguna skal greiða til Hafnarfjarðarhafnar samkvæmt útgefnum reikningum á 3ja mánaða fresti. Ekki er greiddur virðisaukaskattur af leigunni. Leigutaki greiðir önnur gjöld af lóðinni frá afhendingu hennar.

3. gr.

Leigusamingurinn heimilar afnotarétt af lóðinni á leigutímanum og að hafa þar verkstæði, lager og starfsmannaaðstöðu. Leigutaki sér um á sinn kostnað tengingar á heitu- og köldu vatni, frárænnisli og rafmagni vegna starfsemi sinnar á lóðinni. Leigutaki skal fara í einu og öllu eftir fyrirmælum skipulags- og byggingarfulltrúa, heilbrigðisfulltrúa og Umhverfisstofnunar um meðhöndlun hvers konar frá- og afrennslis frá lóðinni. Öryggismál innan lóðar eru á ábyrgð leigutaka.

4. gr.

Leigutaki hefur hvorki rétt til að veðsetja lóðina né lóðaréttindi sem henni fylgja.

5. gr.

Leigutaki skal greiða kostnað við þinglýsingu á leigusamningi þessu sem og stimpilgjald.

6. gr.

Til staðfestu á öllu framangreindu undirrita báðir aðilar samning þennan í votta viðvist. Af leigusamningi þessum eru gerð þrjú samrit, eitt handa hvorum aðila og eitt til þinglýsingar.

Hafnarfirði 15. apríl 2019

Fyrir hönd Hafnarfjarðarhafnar

Lúðvík Geirsson, hafnarstjóri

Fyrir hönd Ístaks hf.




Karl Andreassen

Vottar að undirritun og rétttri dagsetningu:



Nafn

Nafn



Kt:

Kt: